

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skipun neyðarstjórnar yfir skóla- og frístundasviði vegna framúrkeyrslu borgarinnar - R19110399

Borgarráð samþykkir að skipuð verði neyðarstjórn/fjármálastjórn yfir skóla- og frístundasviði. Reykjavík eyðir hlutfallslega lang mest í þennan málaflokk af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hefur tekist að ná böndum á rekstrinum þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Fjármálaskrifstofa Reykjavíkur er í miklum vandræðum vegna þessa og þarf að svara fyrir framúrkeyrsluna án þess að geta haf áhrif. Það er afleit staða. Taka þarf til í rekstri sviðsins og í vinnu stjórnarinnar verði skýrsla innri endurskoðanda um skólamál í Reykjavík höfð til hliðsjónar.